

Nefndarsvið alþingis

Reykjavík 06.02.202

Umsögn frá Grænum skátum ehf. um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027:

Grænir skátar hafa allt frá stofnun fyrirtækisins í meira en 30 ár veitt einstaklingum með skerta starfsgetu tækifæri að starfa hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið hefur afar góða reynslu af þessu og í dag starfa um 30 einstaklingar hjá Grænum skátum í gegnum verkefnið „Atvinna með stuðningi“ sem Vinnumálastofnun rekur.

Fá fyrirtæki í landinu hafa jafn marga einstaklinga með skerta starfsgetu í sínu starfslíðið og er hlutfallið um 80% af heildinni.

Grænir skátar fagna þessari þingsályktun og erum við sannfærð um að hún muni verða málaflokknum til framdráttar. Við munum hins vegar aðeins fjalla um það sem tengist okkur beint í ályktuninni þ. e. um flokk D Menntun og atvinnu.

Í lið D. 8 er fjallað um aukið samstarf um framhaldsfræðslu.

Okkar reynsla er að það vantar ýtarlegri greiningu á styrkleikum umsækjenda sem koma til okkar. Eftir að gerð hefur verið víðtæk styrkleikagreining á einstaklingum er hægt að hefja þjálfun á þessum styrkleikum þannig að það liggja fyrir þegar starfsmaður kemur í atvinnuviðtal hvar hans styrkleikar liggja og eykur það líkur á að viðkomandi nái árangri í starfinu. Í Svíþjóð er t. d. stofnun (Samhall) sem metur einstaklinga með skerta starfsgetu á 18 styrkleikapáttum.

Í dag eigum við í afar nánu og góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og ráðum flesta okkar starfsmenn í gegnum stofnunina. Það vantar hins vegar meiri þjálfun og undirbúning áður en starfsmennirnir koma til okkar. Við þurfum alltaf að prófa starfsmennina og gefa þeim reynslutíma sem fer ekki alltaf vel í starfsmennina. Þeir verða óöruggir og oft sækir á þá kvíði. VMST reynir að senda til okkar einstaklinga sem vonast er til að falli vel inn í okkar verkefni en það gengur ekki alltaf. Með réttri þjálfun má komast hjá þessu og eins aukast verulega líkur á því að einstaklingurinn hafi þá hæfni sem þarf til starfsins. Einnig er líklegt að viðkomandi öðlist aukna starfsánægju og vellíðan í starfi.

Allir okkar starfsmenn eru með ráðningasamning og fá greidd laun eftir taxa stéttarfélagi. Flestir eru í hlutastörfum. Skýrist það annars vegar af skertu starfsþreki og hins vegar vegna þess að örorkubætur skerðast með of háum launum. Sjálfsagt mætti skoða að hækka frítekjumark.

F.h. Grænna skáta
Kristinn Ólafsson
Framkvæmdastjóri